

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/600
komudagur 7.12.2006



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

7. desember 2006

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, 416.mál.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu hafa ekki fengið tilvitnað frumvarp til um-sagnar, en telja sér samt skylt að veita um það umsögn.

SVP fagna þessu frumvarpi sem áfangasigri varðandi lækkun skattlagningar á matvæli sem samtökin hafa ásamt samtökum neytenda barist fyrir um áraraðir. Sérstaklega ber að fagna færslu allra matvæla í eitt virðisaukaskattsþrep sem jafnframt lækkar skattlagningu umtalsvert á matvæli. Þetta er eitt stærsta framfaraspor varðandi breytingu neyslusköttum um langan tíma. Niðurfelling vörugjalda á matvæli er jafnframt fagnaðarefni, en þó skyggir á þá ánægju sú staðreynd að áfram er verið að viðhalda tilraun til opinberrar neyslustýringar með skattheimtu því sykur og sætindi skulu áfram bera vörugjöld. Það eru sætindi flestum matvælum og óvissa um útfærslu þessa ákvæðis veldur þeim atvinnurekstri sem málið varðar áhyggjum. Þetta er ógn við að jafnræði vöru-tegunda og framleiðendur samkeppnisvara. Þessi neyslustýring virkar ekki eins og hátt verð, háir skattar og mikil neysla umræddra vara sýnir. Auk þess er þessi stýring ekki heildstæð þar sem fjöldi óhollra vara (ef neytt er í óhófi) ber ekki háa skatta. Nægir þar að benda á dísætar mjólkurvörur og feitt kjöt.


SVP lýsa eftir stefnu ríkisins varðandi skattlagningu neysluvara. Flestir sem tjá sig opinberlega upplýsa að þeir telji vörugjöld úrelta skattheimtu sem eigi að hverfa. SVP taka vissulega undir það, en benda á að fjöldi vara, þ.á.m. bygg-ingavörur og rafmagnsvörur bera þessa "duldu" skatta. Hver er stefna ríkisins varðandi vörugjöld? Hvað um himinháa verndartolla á innflutt matvæli auk kvóta og uppboðs á þeim? Má ætla að þessu verði breytt eða haldið óbreyttu?

SVP vekja athygli á því að ósk samtakanna til forsætisráðuneytis, sem kynnti þessar breytingar, frá 12. október sl. um að fá þá útreikninga sem liggja að baki þeirri yfirlýsingu forsætisráðherra að verð á matvælum myndi lækka um 16% og verð sambærilegt við meðalverð á Norðurlöndunum (verð sem ekki er til) hefur ekki verið svarað. Útreikningar samtakanna og stærstu fyrirtækja í smásöluverslun með matvörur sem rýnt hafa í frumvarpið sem hér er til umræðu sýna að verslunin er einungis fær um að skila 9,45% verðlækkun í formi lækkunar virðisaukaskatts og niðurfellingar vörugjalda eftir 1. mars 2007. Segja má gróflega að um 70% af innkaupakörfu neytandans lækki um þessa tölu því kemiskar vörur o.fl. breytist ekki. Taka verður þó fram að samtökin hefðu kosið að vörugjöldin breyttust þegar um nk. áramót þannig að áhrif þeirrar aðgerðar kæmi fram á svipuðum tíma og lækkun virðisaukaskattsins. En sú óvissa sem umlykur sykur og sætindi hefði samt vissulega þurft að hverfa þannig að lagerstýring fyrirtækja miðað við þann tímamark væri sem best undirbúin.

Hinn 1. mars 2007 mun smásöluverslunin kappkosta að framkvæma lækkun á virðisaukaskatti eins fljótt og örugglega og mögulegt er og skipta um verðmerkingar í verslununum þann dag. Þetta getur tekið til allt að 6-7 þúsund vörutegunda þannig að þetta er umtalsvert átak. Vörugjald birgða lækkar hins vegar ekki og má áætla að áhrif breytinganna á vörugjöldum komi fram á 1-2 mánuðum þar á eftir. Vert er að vekja athygli á þeirri staðreynd að mjólk er seld í lágvöruverðsverslunum á eða undir kostnaðarverði og því má ekki slá því föstu að lækkun þessarar vöru verði meiri en sem nemur lækkun virðisaukaskatts.

SVP leggja áherslu á að það verði að upplýsa þau og allan almenning um þá útreikninga sem liggja að baki yfirlýsingu forsætisráðherra og er grundvöllur þeirra væntinga sem almenningur, fjölmiðlar og eftirlitsaðilar gera til verslunarinnar eftir 1. mars 2007. Verslunin mun ekki una því að upplýsingaskortur hvað þetta varðar verði til þess að hún liggi undir ámæli um að skila ekki til neytenda áhrifum þess frumvarps sem hér er til umræðu. SVP krefjast þess að þessi gögn verði lögð fram.

Virðingarfyllst,



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri